STÆRÐFRÆÐI

# 7.bekkur stærðfræði

Kennarar: **Kristvina Gísladóttir; Trostan Agnarsson; Þyrey Hlífarsdóttir** 7

## Lýsing

Búnar eru til stuttar lotur um hvern efnisþátt. Nemendur vinna eftir vikuáætlunum og í lok hverrar lotu er tekið próf úr efnisþættinum.

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

### VHLS Stærðfræði fyrir 7.bekk-þrepamarkmið

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

### VHLS Stærðfræði fyrir 7.bekk-þrepamarkmið - Tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Getur leyst og tekið þátt í samræðum um lausnir stærðfræðiverkefna með raunverulegum stærðum
- Þekkir táknin fyrir rúmmetra og rúmsentimetra, getur lesið úr þeim og skráð
- Skilur og getur notað hugtökin rúmmál, km/klst, frumþáttun, tíðasta gildi, miðgildi, meðaltal.
- Þekkir metrakerfið og getur breytt einingum að vild.
- Notar og les rétt úr merkjunum > t; =.
- Þekkir hugtökin tekjur, gjöld og hagnaður og samhengið þar á milli.

### VHLS Stærðfræði fyrir 7.bekk-þrepamarkmið - Tölur og reikningur

- Þekkir og getur beitt forgangsröð aðgerða.
- Getur leyst dæmi þar sem margfaldaðar eru saman tveggja og þriggja stafa tölur
- Getur borið saman stærð tugabrota með allt að 4 aukastöfum.
- Skilur muninn á frumtölum og samsettum tölum.
- Getur unnið með km/klst og m/sek

- Getur lagt saman og dregið frá ósamnefnd brot.
- Kann að finna % af heild með þvi að finna fyrst 1%.
- Getur leyst dæmi sem innihalda sviga.
- Getur leyst deilingardæmi með öfugri margföldun
- Getur brotið upp í sætiskerfið tölur allt að 10 milljónum með þremur aukastöfum.
- Getur fundið frumþætti talna
- Getur lengt og stytt almenn brot.
- Getur margfaldað saman heila tölu og brot.
- Kann að reikna hluta af heild og finna % þannig.
- Getur nýtt þekkingu á forgangsröð aðgerða til að skrá aðgerðaröð við lausn á raunverulegu viðfangsefni.
- Getur unnið með neikvæðar tölur í samlagningu og frádrætti.
- Þjálfist í hugareikningi með tugabrotum.
- Skilur samhengið á milli vegalengdar, hraða og tíma
- Getur borið saman stærð ósamnefndra brota og notað rétt venslatákn ( > t; = ).
- Kann að finna 1%
- Leysir einföld orðadæmi tengd prósentureikningi.

### VHLS Stærðfræði fyrir 7.bekk-þrepamarkmið - Algebra

- Getur unnið áfram með mynstur tengd myndum.
- Getur leyst, fyrir allar reikniaðgerðirnar fjórar, jöfnur sem innihalda eina óþekkta stærð.
- Getur unnið áfram með mynstur og fundið út myndtölu næstu mynda
- Kynnist því að skrá jöfnu út frá mynstri í mynd.

- Getur reiknað eftir forgangsröð aðgerða við lausn jafna.
- Getur fundið gildi stæðu.

### VHLS Stærðfræði fyrir 7.bekk-þrepamarkmið - Rúmfræði og mælingar

- Kann að beita gráðuboga og getur mælt horn.
- Þekkir regluna um hornasummu þríhyrninga og getur beitt henni.
- Þekkir táknin fyrir fermetra og fersentimetra, getur lesið úr þeim og skráð.
- Getur reiknað flatarmál ferhyrninga og þríhyrninga út frá formúlum.
- Kynnist yfirborðsflatarmáli ferstrendinga.
- Veit að hringur er 360°.
- Þekkir hornasummu ferhyrninga og getur nýtt sér það við útreikninga
- Þekkir helstu skammstafanir í metrakerfinu m, cm, dm, mm, km, l, dl, ml, g, kg og sambandið á milli eininganna.
- Getur reiknað flatarmál samsettra mynda.
- Getur unnið með hnitakerfi.
- Þekkir regluna um grannhorn og getur beitt henni.
- Þekkir regluna um topphorn og getur beitt henni.
- Skilar öllum svörum með mælieiningum.
- Kynnist reikningi á rúmmáli ferstrendings

### VHLS Stærðfræði fyrir 7.bekk-þrepamarkmið - Tölfræði og líkindi

- Getur gert tölfræðilegar kannanir.
- Getur skráð líkur sem almenn brot.
- Getur teiknað og lesið úr súluriti, skífuriti og línuriti.
- Getur reiknað hlutfall út frá tíðnitöflu.

- Getur fundið tíðasta gildi, miðgildi og meðaltal.

## NÁMSEFNI/GÖGN

**Stika 3a**

**Stika 3a æfingahefti**

**Stika 3b**

**Stika 3b æfingahefti**

**Ítarefni**